

# FUNDARGERÐ

## 28. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

**Fundarstaður:** Ráðhús Árborgar

**Fundartími:** Þriðjudagur 19. september 2017 kl. 10.00

**Mættir:** Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu þær, Ingibjörg Garðarsdóttir og María Kristjánsdóttir fundinn.

**Ritari fundarins:** Ásgeir Magnússon

## Gerðir fundarins

### 1. Erindi vegna NPA samnings, tillaga um hækkun

Fram var lögð tillaga að endurskoðun á NPA samningi, sem gerir ráð fyrir því að tímagjald samningsins hækki úr kr. 3.310 í 3.586 og er í þessari tillögu tekið mið af meðalgreiðslum fyrir þessa þjónustu í Kópavogi. Jafnframt var samþykkt að miða greiðsluna við 365 daga. Gildir frá 1. ágúst 2017.

### 2. Erindi vegna grunnþjónustu og sértækrar þjónustu, tillaga að notendasamningi.

Samþykkt að endurskoðaður samningur gildir frá síðasta SIS mati viðkomandi einstaklings. Ekki er gerð athugasemd við að farið verði fram á endurskoðun á SIS mati.

### 3. Erindi frá Sólheimum tillaga um viðauka við samning

Fram var lagt bréf frá stjórn Sólheima þar sem lögð eru fram drög a viðbótarsamningi við Bergrisann. Samningsdrögin gera ráð fyrir verulegri hækkun á framlagi til Sólheima bæði vegna ársins 2016 og 2017 og enn meiri hækkun vegna ársins 2018.

Með vísan til þeirrar úttektar sem í gangi er á starfsemi sjálfstæðra þjónustuaðila á vegum ráðuneytis velferðamála, verða ekki gerðar breytingar á þeim greiðslum sem greiddar hafa verið eftir eldri samningum.

Stjórnin samþykkir að mæta erfiðri stöðu Sólheima með einskiptisgreiðslu kr. 20 milljónir. Greiðsla þessi er án skuldbindinga um frekari framlög og felur ekki í sér viðurkenningu á kröfu Sólheima um viðbótargreiðslur skv. framlögðum gögnum. Vakin er athygli á því að framlög Bergrisans hafa tekið mið af fullri nýtingu heimilisins, þó nokkuð hafi skort á fulla nýtingu heimilisins.

Jafnframt samþykkir stjórnin að Skaftholti verði greidd hlutfallslega sambærileg upphæð miðað við stærð þjónustusamnings.

### 4. Ársreikningur Bergrisans fyrir árið 2016

Fram voru lögð drög að ársreikningi Bergrisans fyrir árið 2016

Samþykkt að leggja reikninginn fyrir haustfund Bergrisans 25 október.

### 5. Önnur mál

Samþykkt að fela formanni að leita til fagaðila vegna umsóknar um stofnframlög til Íbúðalánasjóð.

---

Ásta Stefánsdóttir formaður

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Ásgeir Magnússon